


HAFNARFJÖRÐUR



Hafnarfjörður 17. janúar 2018
Málsnúmer 1710360

**Breyting á skilmálum deiliskipulagsins Velli 6, skipulagsnúmer 7432
Samþykkt í skipulags- og byggingarráði 23.1.2006 og Bæjarstjórn þ.24.1.2006.
Endurskoðun greinagerðar og skipulagsskilmála, kafla 3.1.1 almenningsamgöngur.**

Forsendur.

Í skilmálum deiliskipulagsins fyrir Velli 6, kafla 3.1.1, bls.13, er fjallað um almenningsamgöngur innan hverfisins. Miðað er við að frá einbýlishúsi skulu vera 700m að biðstöð og 500m frá fjölbýlishúsi. Ekki er gert ráð fyrir annarri stoppistöð við Hvannavelli, innan Valla 6, en endastöð.

Komið var fyrir stoppistöð við gatnamót Hvannavalla og Hnoðravalla eftir að uppbygging hverfisins hófst til að mæta farþegum Strætó innan hverfisins og á haustmánuðum 2017 var komið fyrir biðskýli. Ákvörðun um staðsetningu biðskýla er byggð á talningu, á vegum Strætó, þar sem innstig (farþegar á leið inn í vagninn) er talið. Biðskýli við Hvannavelli/Hnoðravelli er til að mæta þeim farþegafjölda sem þar er.

Staðsetning biðstöðvarinnar við Hvannavelli/Hnoðravelli er hins vegar ekki í samræmi við gildandi skilmála skipulagsins.

Núgildandi orðalag gildandi skilmála fyrir Velli 6 kafla 3.1.1 almenningsamgöngur, veitir ekki svigrúm til að almenningsvagnar (Strætó) geti mætt þörf hverfisins og áherslum samfélagsins á hverjum tíma fyrir sig. Á seinustu árum hefur verið horft til þess að minnka fjarlægðina frá heimili að þjónustu almenningsvagna og er nú almennt miðað við 400m. Er það gert til að auka þjónustu og stuðla að notkun almennings á strætisvögnum. Við uppbyggingu hverfisins hefur einnig komið í ljós að þörf á biðskýlum og staðsetning stoppistöðva hefur reynst vera með öðrum hætti en skilmálar gerðu ráð fyrir þegar þeir voru mótaðir.

Breyting á orðalagi kafla 3.1.1. í greinagerð og skipulagsskilmálum fyrir Velli 6 felur í sér að almenningsamgöngur innan hverfisins verði tryggð og að leiðir þeirra og biðstöðvar geti tekið breytingum án þess að deiliskipulagsbreytinga sé þörf.



HAFNARFJÖRÐUR

Gildandi deiliskipulagsskilmálar:

3.1.1 Almenningsamgöngur

Leið almenningsvagna inn í hverfið er um Hvannavelli og að endastöð i austurenda sömu götu. Ekki er gert ráð fyrir annarri stoppistöð en endastöðinni. Miðað er við hámarks göngufjarlægð frá heimili að stoppistöð verði 700m frá einbýlishúsum og 500m frá fjölbýlishúsum.

Skilmálar eftir breytingu:

3.1.1 Almenningsamgöngur.

Tryggja skal með sem bestum hætti greiða leið og þjónustu almenningsamgangna inn í hverfið.

Að öðru leiti gilda eldri skilmálar.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 18.10.2017 var samþykkt að grenndarkynna tillögu að breyttu orðalagi í kafla 3.1.1 í greinagerð og skipulagsskilmálum fyrir Velli 6 samkvæmt 1. mgr. 2 gr. samþykktar um embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa í Hafnarfirði

Tillagan var auglýst grenndarkynnt frá 20.10 20 17 með athugasemdafresti til 17.11 20 17.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deils Stjórnartíðinda þann _____ 20____.

Þormóður Sveinsson
Skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar

